



Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar 2023 – 2026 Uppfærð stefna 2023-2026 í kjölfar lagabreytinga

Inngangur

Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020. Markmið fyrrnefndu laganna er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Hin síðarnefndu taka til stjórnslu jafnréttismála á því sviði sem löggjöf um jafnréttismál nær til, þ.e. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (150/2020), lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (85/2018) og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu (86/2018).

Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins skulu öllvera jöfn fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Kynin skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar tekur ekki aðeins á jafnrétti milli kynjanna heldur jafnrétti fyrir alla. Í henni kemur fram vilji bæjaryfirvalda til að skapa sem best skilyrði fyrir alla íbúa Fjarðabyggðar.

Í allri starfsemi bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttisstefnunni. Hvert svið ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni verkefna. Þannig er stefnt að því að samþætta jafnréttissjónarmið í öllu starfi innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið Fjarðabyggð leggur metnað í að **tryggja íbúum af öllum kynjum jöfn úhrif, tækifæri og virðingu** og gerir þá kröfu til kjörinna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og starfshópum, stjórnenda og annars starfsfólks hjá sveitarfélaginu að þeir taki mið af stefnu þessari í störfum sínum fyrir sveitarfélagið.

Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar tekur mið af:

- Lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar.
- Lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.
- Fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar
- Mannauðsstefnu Fjarðabyggðar

I. Framkvæmd og umfang

1.1. Umfang

Stefna þessi tekur til stjórnkerfis Fjarðabyggðar, starfsfólks sveitarfélagsins og starfsemi og þjónustu sem veitt er bæjarbúum.

1.2. Umsjón með jafnréttismálum sveitarfélagsins

Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem m.a.



komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hún skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Sveitarstjórn felur fastanefnd sveitarfélags að fara með jafnréttismál sveitarfélagsins og hafa, með stuðningi starfsfólks, umsjón með undirbúningi áætlunar og framkvæmd hennar.

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn Fjarðabyggðar í málefnum er varða jafnrétti ásamt því að fylgjast með og leggja fram tillögur til bæjarstjórnar að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttismál heyra undir fjölskyldusvið Fjarðabyggðar. Fjölskyldusvið er stofnunum og starfsfólki sveitarfélagsins til aðstoðar í jafnréttismálum.

Félagsmálanefnd vinnur, ásamt stjórnendum á fjölskyldusviði að tillögugerð og undirbúningi stefnumótunar í jafnréttismálum innan Fjarðabyggðar og sér um framkvæmd jafnréttisstefnunnar. Enn fremur veitir hún nefndum, ráðum, stofnunum, sviðum og deildum sveitarfélagsins liðsinni í jafnréttismálum.

1.3. Jafnréttisáætlanir deilda, sviða og stofnana

Í upphafi hvers kjörtímabils skulu svið sveitarfélagsins gera aðgerðaáætlun í jafnréttismálum fyrir starfseminu og eftir tilvikum stofnanir á þeirra ábyrgð. Þar komi fram hvernig unnið verði á grundvelli jafnréttisstefnunnar og hvaða aðgerðir séu fyrirhugðar í þeim tilgangi. Félagsmálanefnd kallar eftir aðgerðaráætlunum sviða í lok árs nýs kjörtímabils.

II. Stjórnkerfi (Fjarðabyggð sem stjórnvald).

2.1. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum (28. gr. nr. 150/2020).

Við skipan í nefndir, ráð, stjórnir og starfshópa á vegum sveitarfélagsins skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem sveitarfélagið er aðaleigandi að.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|--|------------------------------|------------------------|
| Kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum sé sem jafnast. | Taka saman hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum. | Stjórnsýslu- og þjónustusvið | Lokið í september 2024 |
| | Niðurstöðurnar teknar til umræðu í bæjarstjórn. | Félagsmálanefnd | Lokið í október 2024 |
| | Leita leiða til að leiðrétta kynjahalla. | Bæjarstjórn | Lokið í janúar 2025 |



2.2. Greining á tölfræðiupplýsingum (29. gr. nr. 150/2020).
Kyngreina tölfræðiupplýsingar sem teknar eru saman á vegum sveitarfélagsins.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|---|------------------------------|----------------------------|
| Upplýsingar um stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins séu aðgengilegar. | Við söfnun og úrvinnslu gagna skal kyngreina upplýsingar og birta þegar og þar sem það á við. | Sviðsstjórar og stjórnendur. | Yfirfarið í júní ár hvert. |

2.3. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (30. gr. 150/2020).
Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|---|------------------------------------|--|
| Kynjasamþættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð. | Námskeið í kynjasamþættingu fyrir bæjarstjórn, bæjarstjóra og aðra stjórnendur bæjarfélagsins. | Félagsmálastjóri og mannauðsstjóri | Yfirfarið í maí ár hvert Námskeið einu sinni á kjörtímabili. Yfirfarið í maí ár hvert. |
| Nýta skal samþættingu á sem flestum sviðum. | Jafnréttismat notað/stuðst við gátlista í stefnumótunarferlum og við áætlanagerð. | Sviðsstjórar og stjórnendur | Árlega í fjárhagsáætlunargerð |
| Stuðlað sé að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns Fjarðabyggðar. | Utanaðkomandi aðilum sem fá beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu skulu vera gerð sú krafa að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum. (Í gegnum samning) | Bæjarráð | |



III Mannauðsstefna (Fjarðabyggð sem vinnuveitandi).

3.1. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (12. gr. 150/2020)

Fyrirkomulag ráðninga hjá sveitarfélaginu fer eftir mannauðsstefnu. Starfsauglýsingar skulu taka mið af því að auglýsingin sé engum til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna. Auglýsa ber stöður með hliðsjón af jöfnun kynjahlutfalls með því að hvetja kynin til að sækja um. Þegar ráða á í störf innan bæjarkerfisins verði unnið að því að jafna hlut kynjanna. Jafnréttissjónarmið skulu metin í ráðningarferli. Lögð verði áhersla á að störf flokkist ekki í kvenna- eða karlastörf og skulu atvinnuauglýsingar vera kynhlutlausar sé þess kostur.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|--|--|--|
| Laus störf á vinnustöðum sveitarfélagsins standi öllum opin óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningar. | Í starfsauglýsingum eru einstaklingar hvattir til að sækja um óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenna eða kyntjáningar að sækja um. | Sviðsstjórar og stjórnendur, mannauðsstjóri. | Alltaf þegar starf er laust til umsóknar |
| Auka fjölbreytileika starfshópsins. | Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar | Bæjarstjóri og stjórnendur | Í maí ár hvert |
| Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllu starfsfólki | Samantekt á samsetningu starfsmannahópsins | Bæjarstjóri og stjórnendur | Lokið í júní 2023 |
| Uppræta skaðlega vinnustaðamenningu | Kallað verði eftir upplýsingum frá stjórnendum um endurmenntun starfsfólks og þær greindar. | Bæjarstjóri og stjórnendur | Í maí ár hvert |
| Auka aðgengi starfsfólks af erlendum uppruna að íslenskukennslu | Reglubundin fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni | Bæjarstjóri og stjórnendur | Tilfallandi |
| | Allt starfsfólk sem | Bæjarstjóri/ | |



| | | | |
|--|---|------------------|--|
| | ekki hefur íslensku að móðurmáli hafi aðgang að íslensku kennslu og sé upplýst um það við ráðningu. | Þjónustufulltrúi | |
|--|---|------------------|--|

3.2. Jafnlaunavottun

Starfsfólk Fjarðabyggðar fá ekki einungis jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf heldur líka sömu kjör eins og mælt er fyrir um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Komi í ljós munur á launakjörum kvenna og karla og fólks með hlutlausa skráningu í þjóðskrá eða vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar í tengslum við laun og önnur kjör verða stjórnendur að bregðast við. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli ofangreindra þátta.



| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|---|--|---|
| Að starfsfólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningar. | Gera launagreiningu Setja sér jafnlaunastefnu Fara í gegnum jafnlaunavottun. Jafnlaunaúttekt skal gerð á þriggja ára fresti. | Stjórnsýslu- og þjónustusvið Stjórnsýslu- og þjónustusvið Mannauðsstjóri Mannauðsstjóri | Yfirfarin í upphafi hvers kjörtímabils. |

3.3. Samræming fjölskyldu og atvinnulífs (13. gr. nr 150/2020).

Starfsfólk Fjarðabyggðar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma þar sem því verður við komið í samræmi við mannauðsstefnu. Þannig skal starfsfólki gert auðvelt að samræma starf og fjölskylduábyrgð. Starfsfólki er gertkleift að sinna fjölskylduhlutverki, t.d. að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, eins og umönnun veikra barna og annarra nákominna og skulu karlar hvattir til töku fæðingarorlofs til jafns við konur.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|--|----------------|--------------|
| Vinnustaðir sveitarfélagsins séu fjölskylduvænir. | Marka stefnu og kynna fyrir starfsfólki. | Mannauðsstjóri | Á hverju ári |
| Báðir foreldrar nýti sér foreldra- og fæðingarorlof og sinni veikum börnum. | Árlega er stefna vinnustaðarins kynnt fyrir starfsfólki. | Stjórnendur | |
| Leitast við að halda fundi á dagvinnutíma sé þess kostur og henti öllu nefndarfólki. | Skipulag og tímasetningar funda rætt í upphafi árs. | Formenn nefnda | Á hverju ári |

3.4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Yfirmenn stofnana Fjarðabyggðar skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.



| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|---|--|--------------------|
| Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins. | Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni fyrir stjórnendur og starfsfólk. | Mannauðsstjóri og stjórnendur | Árlega |
| Forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til fyrir sveitarfélagið/vinnustaðinn. | Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Áætlunin kynnt fyrir öllu starfsfólki og stjórnendum og sett tilkynning á Workplace. | Mannauðsstjóri, stjórnendur og öryggistrúnaðarmenn | September ár hvert |

III. Fjarðabyggð sem veitandi þjónustu

Sveitarfélögum er skylt að taka fleiri þætti en kyn inn í áætlanir sínar um jafnréttismál. Þegar þjónustan er skipulögð og fjármagni úthlutað þarf, auk kyns, að huga að stöðu fólks af ólíkum kynþætti og þjóðernisuppruna (lög nr. 151/2020).

3.1. Jafnréttisráðgjöf til starfsfólks

Starfsfólki og stjórnendum í sveitarfélaginu skal standa til boða aðstoð fjölskyldusviðs/stjórnsýslu- og þjónustusviðs í jafnréttismálum. Þetta á eftir atvikum bæði við um störf og starfsaðstæður, s.s. samskipti á vinnustað, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna á vinnustað.

3.2. Jafnréttisráðgjöf til bæjarbúa

Fjölskyldusvið skal veita íbúum Fjarðabyggðar ráðgjöf í jafnréttismálum, sé eftir því leitað. Ef einstaklingur eða hópur telur sér mismunað m.t.t. kynferðis, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar skal veita viðkomandi aðstoð/ráðgjöf við að leita réttar síns, þar á meðal leiðbeiningar varðandi kærur til kærunefndar jafnréttismála.

3.3. Jafnréttisfræðsla í skólum

Fræðslu- og frístundastofnanir Fjarðabyggðar vinna að því að jafna stöðu barna af ólíkum kynjum, kynþáttum og öðrum þeim þáttum sem geta haft áhrif á stöðu þeirra og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu fyrir hvert öðru og efla jákvæð samskipti.

3.4. Leik- og grunnskólar Fjarðabyggðar vinna jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun fyrir hvert skólaár. Í áætluninni skal koma fram hvernig skólarnir sem menntastofnanir uppfylla 10. gr. laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna ásamt 14. og 15. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Mikilvægt er að menntastofnanir eins og aðrar stofnanir sveitafélagsins geri öllum fjölskyldugerðum og kynjum jafn hátt undir höfði í skráningu og þjónustukerfum sem og öðru starfi.



3.5. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

3.6. Menntun og skólastarf.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu öll börn hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Lögð er áhersla á að starfsfólk fái þjálfun í að undirbúa alla nemendur undir einkalíf, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf í samfélaginu.

Í þessu skyni er því beint til skólastjórnenda að sjá til þess að:

- a) Jafnréttisfræðslu sé sinnt á öllum skólastigum.
- b) Námsfni mismuni ekki kynjum eða börnum af mismunandi uppruna.
- c) Sjálfstyrking verði sjálfsgöður hlutur námsins á öllum skólastigum.
- d) Skólinn leggi áherslu á að búa öll börn undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs. Allt starfsfólk Fjarðabyggðar, þar sem uppeldisstarf fer fram, eins og á leikskólum, í skólum, vinnuskóla, félagsmiðstöðvum og íþróttahúsum, ber að hafa jafnréttisjónarmið að leiðarljósi.
- e. Allar fjölskyldugerðir, samkynja foreldrar sem foreldrar af sitthvoru kyni, og þar með allt fólk standi jafnfætis varðandi rafrænar skráningar.

3.3.1. Íþrótt-, forvarna- og tómstundamál

Íþrótt- og tómstundanevnd skal veita öllum kynjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og íþróttafélögin hvött til hins sama. Kynin sitji jafnt að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Kanna þarf sérstaklega brottfall unglunga úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur. Komi í ljós að fyrirkomulag starfsemi sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta og hrinda þeim í framkvæmd í samstarfi við fjölskyldusvið.

Í öllu íþrótt- og tómstundastarfi á vegum sveitarfélagsins og sem sveitarfélagið styrkir skal sérstaklega huga að öryggi iðkenda. Sérstakar ráðstafanir skal gera til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundina áreitni eða kynferðislega áreitni.

IV. Kynning á stefnunni

Jafnréttisstefna þessi, sem og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 151/2020 og lög um stjórnýslu jafnréttismála nr. 150/2020 skulu kynnt stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins. Eftir samþykkt stefnunarinnar skal hún kynnt bæjarbúum, stofnunum, stjórnvöldum, stéttarfélögum og öllum þeim sem vinna að jafnréttismálum.

V. Framkvæmdaáætlun



- a. Stjórnendur sviða hjá sveitarfélaginu geri grein fyrir í starfsáætlun hvers árs hvernig þeir muni fylgja eftir ákvæðum jafnréttisstefnunnar á þeirra sviði. Ábyrgð: Sviðsstjórar.
- b. Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar ber að fjalla á fundum sínum sérstaklega um jafnréttismál, a.m.k. tvisvar á ári, með það að markmiði að stefna um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga og að endurskoða jafnréttisáætlun í ljósi samfélagslegra breytinga ef tilefni þykir til. Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og formaður félagsmálanefndar.
- c. Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar skal kalla eftir jafnréttisáætlunum innan stofnana og sviða sveitarfélagsins að hausti og stöðumati að vori á hverju ári. Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs..
- d. Í reglum um heilsu og vinnuvernd verði sérstaklega fjallað forvirkar aðgerðir og viðbrögð við kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Endurskoðun reglna verði árlega. Ábyrgð: Stjórnsýslu- og þjónustusvið.
- e. Gert verði sálfélagslegt áhættumat í stofnunum Fjarðabyggðar sem tekur m.a. til kynbundins áreitis, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Það er gert árlega.. Ábyrgð: Stjórnsýslu- og þjónustusvið.
- f. Starfsmaður Félagsmálanefndar Fjarðabyggðar kynnir jafnréttisstefnuna árlega fyrir öðru nefndum Fjarðabyggðar með það að markmiði að stefna um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga og að endurskoða jafnréttisáætlun í ljósi samfélagslegra breytinga ef tilefni þykir til. Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og formaður félagsmálanefndar.

VI. Endurskoðun

Jafnréttisstefna skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Fjarðabyggð xxx 2023

Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri